



Hafnarfjörður

7. júní 2024

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar

Minnisblað – Innleiðing laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Stöðuskýrsla til ráðherra á þriðja ári innleiðingar - 2406062

Það minnisblað sem hér birtist tengist innleiðingu laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna. Stöðuskýrsla innleiðingar laga um samþætta þjónustu er nú aðgengileg eftir þriðja ár innleiðingar. Áætlað er að innleiðingin taki 3- 5 ár. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, eða farsældarlögin eins og þau eru gjarnan kölluð voru samþykkt á Alþingi árið 2021 og tóku gildi 1. Janúar 2022. Með lögnum eru lagðar skyldur á þjónustuveitendur að bregðast við með tilteknum hætti ef vísbendingar koma upp um að þörfum barns sé ekki mætt. Viðbrögðin eiga að vera samræmd og miða að því að leiðbeina fjölskyldum og beina þeim inn í stuðningskerfið, sem lögin fela í sér, börnum til farsældar í lífi og starfi. Til að lögin virki sem skyldi er nauðsynlegt að draga þá aðila sem veita barninu farsældarþjónustu að borðinu og koma á virku og lausnamiðuðu samtali og samstarfi milli hinna ýmsu þjónustukerfa. Innleiðing farsældarlaganna byggir að miklu leyti á sama grundvelli, þ.e að koma á og viðhalda samtali og samstarfi milli þjónustuveitenda.

Hafnarfjörður hefur frá árinu 2018 þróað verklag Brúarinnar sem snýr að því að samþætta vinnu á milli Fjölskyldu og barnamálasviðs og Mennta- og lýðheilsusviðs. Verklagið er í takt við farsældarlögin, og var mikið horft til hafnarfjarðar við gerð farsældarlaganna. Brúarverklagið hófst með því markmiði að vinna betur saman á milli mennta- og lýðheilsusviðs og fjölskyldu og barnamálasviðs. Sú vinna hefur á margan hátt tekist vel og er nú meiri samvinna á milli sviða. Þessi samvinna er grunnurinn að aukinni farsæld innan hafnarfjarðar.

Hafnarfjörður fellur undir þau viðmið Barna- og fjölskyldustofu að vera sveitafélag sem fellur undir þau viðmið þar sem samþætting þjónustu er hafin. „Sveitafélagið er byrjað að vinna mál í samþættingu. Kominn er reynsla á vinnu tengiliða á fyrsta stigi og málstjórar eru byrjaðir að vinna mál á öðru og þriðjastigi. Sveitafélagið á í samtali við heilsugæslu og framhaldsskóla á svæðinu og úrræðalistar eru aðgengilegir fyrir tengiliði og málstjóra“.

Hafnarfjarðarbær fékk 96.000.000 kr. frá ríkinu á síðasta ári vegna innleiðingar á farsældarlögnum.

Launakostnaður vegna starfa tengiliða farsældar árið 2023 var um 60.000.000 kr. Tengiliðir farsældar eru nú starfandi í öllum leik- grunn og framhaldsskólum Hafnarfjarðar. Í leik og grunnskólum eru þetta 5,8 stöðugildi sem skiptist á 26 starfsmenn.

Launakostnaður vegna starfa málstjóra sem vinna í farsæld hjá sveitafélaginu 2023 var um 35.000.000 kr. Hafnarfjörður hefur skilgreint málstjórahlutverkið þannig að allir ráðgjafar á Fjölskyldu- og barnamálasviði geta verið málstjórar.

Launakostnaður vegna verkefnastjórnunar árið 2023 var um 12.000.000 kr.

Allir starfsmenn beggja svið, fjölskyldu og barnamálasviðs og mennta og lýðheilsusviðs sinna farsæld sem hluta af sínu starfi í gegnum vinnulag Brúarinnar.

Áframhaldandi innleiðing á farsældarlögnum mun halda áfram árið 2024 og 2025. Helstu áherslur verða; efla tengiliði farsældar á 1. stigi. Skýra hlutverk málstjóra á 2. og 3. stigi betur. Vinna stuðningsáætlanir með markvissari hætti og endurskoðun á verkefnum.



Hafnarfjörður

Þróa áfram samvinnu við heilsugæsluna, löggæsluna og aðra þjónustuveitendur innan Hafnarfjarðar í takt við farsældarlögin.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Þorvarðarson, deildarstjóri fjölskyldu og skólaþjónustu